

Lög

Nr. 8.
8. sept.

um

framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póst-ávísunum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslands banka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum, skulu vera í gildi til loka næsta reglulegs þings, nema löggjafarvaldið geri aðra ráðstöfun fyr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 8. september 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.